



Barnið í brennidepli
Sjálfsmatsskýrsla Tröllaborgar
Veturinn 2011-2012

Anna Árnína Stefánsdóttir



Efnisyfirlit

Inngangur	3
1 Leikskólinn Tröllaborg.....	4
2 Áherslupættir í starfi Tröllaborgar	5
3 Sjálfsmatsáætlun	6
3.1 Sjálfsmat.....	6
3.2 Sjálfsmatsáætlun 2012 – 2016.....	8
3.3 Sjálfsmatsteymi	9
4 Sjálfsmat og lykilpættir 2011-2012.....	9
4.1 Framkvæmd Sjálfsmatsins	9
4.2 Lykilpáttur 3 – Nám í gegnum leikinn	10
4.3 Lykilpáttur 6 – Námsumhverfi leikskólans	12
5 Áætlun um aðgerðir	15



Inngangur

Mat á leikskólastarfi er liður í þróun og vexti leikskólans og tengist markmiðum hans og áætlunum. Einstakir starfsmenn leikskólans geta borið sérstaka ábyrgð á matsvinnunni en það er afgerandi fyrir allt ferlið að allir starfsmenn leikskólans komi að vinnunni á einn eða annan hátt.

Samkvæmt 17.gr. laga um leikskóla ber öllum leikskólum að framkvæma kerfisbundið sjálfsmat með virkri þátttöku starfsmanna, barna og foreldra eftir því sem við á.

Upplýsingar um innra mat sitt birtir leikskólinn opinberlega, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

Mat á leikskólastarfi er skipt í innra mat og ytra mat. Innra mat er framkvæmt af starfsmönnum leikskólans en ytra mat af utanaðkomandi aðilum eins og sveitarfélaginu eða menntamálaráðuneytinu.

Tilgangurinn með sjálfsmati er að kanna hvort markmiðum leikskólans hafi verið náð svo og greina veika og sterka þætti í leikskólastarfinu og leggja þannig grunn að umbótum. Mat á leikskólastarfi er liður í þróun og vexti leikskólans og tengist markmiðum hans og áætlunum. Með sjálfsmati fer fram víðtæk gagnaöflun um skólastarfið. Sjálfsmat er því góð leið til þess að miðla þekkingu á skólastarfi og er liður í þróun og vexti leikskólans. Það má því segja að sjálfsmatið í heild sinni sé lykill að því að gera góðan skóla enn betri.

Til þess að mat uppfylli viðmið laga þarf það að vera formlegt, altækt, áreiðanlegt, samstarfsmiðað, umbótamiðað, árangursmiðað, stofnana- og einstaklingsmiðað, lýsandi, greinandi og opinbert.

Haustið 2007 fórum við í Tröllaborg af stað með sjálfsmat undir handleiðslu Þóru Bjarkar Jónsdóttur. Matslistinn sem við notum heitir „Barnið í Brennidepli“ sem er skosk matsaðferð og er notuð í leikskólum í Skotlandi. Matslistinn er þýddur og staðfærður af Hildi Skarphéðinsdóttur. Barnið í brennidepli er matsaðferð sem á að hjálpa starfsfólki leikskóla að meta gæði uppeldis- og menntastarfsins, samskipta starfsfólks, foreldrasamstarfs og stjórnunar.

Tekin var ákvörðun um að fara yfir allan listann fyrst og raða svo niður á næstu þrjú árin og byrja á því sem kæmi verst út. Af óviðráðanlegum orsökum sem ekki verða raktar í þessari skýrslu, gekk þetta ekki alveg upp. Við settumst niður og skoðuðum dæmið og settum okkur ný markmið og er þetta annar áfangi í þeim markmiðum.



1 Leikskólinn Tröllaborg

Haustið 2003 var ákveðið að sameina leikskólana í austanverðum Skagafirði undir einn hatt. Það eru Brúsabær á Hólum, Barnaborg á Hofsósi og Bangsabær í Fljótum. Þessi nýi sameinaði leikskóli hlaut nafnið Tröllaborg en hver deild heldur þó sínu nafni og séreinkennum. Skipting milli deilda er eftirfarandi:

Í Bangsabæ í Fljótum eru 4 nemendur sem skiptast þannig:

Árgangur 2006 – 2 nemendur

Árgangur 2007 – 0 nemendur

Árgangur 2008 – 1 nemandi

Árgangur 2009 – 1 nemandi

Í Barnaborg á Hofsósi eru 17 nemendur sem skiptast þannig:

Árgangur 2006 – 3 nemendur

Árgangur 2007 – 4 nemendur

Árgangur 2008 – 4 nemendur

Árgangur 2009 – 5 nemendur

Árgangur 2010 – 1 nemandi

Í Brúsabæ á Hólum eru 12 nemendur sem skiptast þannig:

Árgangur 2006 – 3 nemendur

Árgangur 2007 – 1 nemendur

Árgangur 2008 – 4 nemendur

Árgangur 2009 – 3 nemendur

Árgangur 2010 – 1 nemandi

Starfsmenn Tröllaborgar

Leikskólastjóri er Anna Árnína Stefánsdóttir og staðgengill leikskólastjóra er Eyrún Berta Guðmundsdóttir.



Deildarstjórar eru þrír, einn á hverri starfsstöð. Sigrún Svansdóttir í Bangsabæ í Fljótum, Eyrún Berta Guðmundsdóttir í Barnaborg á Hofsósi og Christine Hellwig í Brúsabæ á Hólum.

Kennarar eru 9 talsins þ.m.t. deildarstjórar í rúmlega 7,5 stöðugildum. Tveir leikskólakennarar, einn leikskólakennaranemi og 6 leiðbeinendur.

Bangsabær

Tveir starfsmenn í 83% stöðugildi.

Barnaborg

Einn leikskólakennari í 1 stöðugildi
Fjórir leiðbeinendur í 3 stöðugildum

Brúsabær

Einn leikskólakennari í 1 stöðugildi
Einn leikskólakennaranemi í 75% stöðugildi
Tveir leiðbeinendur í rúmlega 1 stöðugildi

2 Áherslupættir í starfi Tröllaborgar

Í hverjum leikskóla eru sérstakar áherslur hafðar til hliðsjónar í leikskólastarfinu. Þessar áherslur mótast af þeim gildum sem ríkjandi eru í samfélaginu og ytri aðstæðum. Auk þess mótast áherslurnar af þeirri menntun og reynslu sem starfsfólkið hefur aflað sér og þeim kenningum sem litið er til í skipulagningu starfsins. Leikskólinn Tröllaborg vinnur eftir framtíðarsýn skólastefnu Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Í Tröllaborg er unnið eftir Aðalnámskrá leikskóla. Aðaláhersla er lögð á *leikinn, skapandi starf og félagslega færni* með það að markmiði að hver einstaklingur fái notið sín sem best. Með þessa þætti að leiðarljósi er litið til kenninga **Johns Dewey** sem lagði áherslu á það að lifa og læra væru samofnir þættir. Börn þurfa að fá að rannsaka og prófa til að öðlast aukna þekkingu. Einnig er horft til kenninga **Lev Vygotsky** sem lagði áherslu á að nám eigi sér stað í félagslegu samhengi í samskiptum milli barns annars vegar og fullorðins eða eldri barns sem hefur meiri þekkingu hins vegar.



Leikurinn er helsta námsleið barna og í gegnum hann efla þau alla þroskapætti. Því leggur starfsfólk leikskólans mikla áherslu á að leiknum sé gefið mikið svigrúm í starfseminni. Markvisst er stuðlað að því að leiktækifæri og leikefni barnanna séu fjölbreytt svo öll börn geti notið sín í leiknum á eigin forsendum. Hugað er að því að börnin fái að glíma við krefjandi verkefni undir handleiðslu og hvatningu starfsfólksins í þeim tilgangi að efla börnin til aukins þroska og getu.

Í hverju barni býr mikil og fjölbreytt sköpun. Í leikskólanum er lögð áhersla á að hvert barn fái að njóta sín á sínum eigin forsendum og fái tækifæri til að koma sínum hugmyndum og sköpunarkrafti á framfæri á fjölbreyttan hátt.

Nauðsynlegt er að kenna börnunum að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og öðru fólki. Besta leiðin til að kenna börnunum að bera virðingu fyrir öðrum er að sýna þeim sjálfum virðingu. Þetta er haft að leiðarljósi í leikskólanum. Börnunum er hrósað þegar þau sýna jákvæða hegðun sem hvetur þau áfram til jákvæðrar hegðunar. Auk þess verður til þess að þau taka eftir því jákvæða í fari hvers annars.

3 Sjálfsmatsáætlun

3.1 Sjálfsmat

Sjálfsmat leggur faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og er leið til að vinna kerfisbundið að því að auka gæði leikskólastarfsins og gera það skilvirkara. Í sjálfsmati er tekið mið af markmiðum og stefnu leikskólans og lýsingu á leiðum til að ná þeim. Ákveða þarf hvað á að skoða hverju sinni, t.d. samskipti, viðhorf eða skipulag. Skólanámskráin nýtist ekki sem tæki til skólaþróunar og umbóta nema fram fari sjálfsmat kennara og skólans í heild. Eins og fram kemur í inngangnum þá notar leikskólinn Tröllaborg matslistann „Barnið í brennidepli“ í sínu sjálfsmati. Barnið í brennidepli miðar að því að hjálpa leikskólum við að meta eigin vinnu með árangursvísnum sem allir eiga að get nýtt sér. Sumir árangursvísanna kunna stundum að vera mikilvægari en aðrir, en saman mynda þeir matsaðferð sem ætlað er að stuðla að árangursríkri leikskóladvöl fyrir öll börn.

Allir sem koma nálægt starfinu í leikskólanum geta tekið þátt í matsferlinu. Sjálfsmat fer í flestum tilfellum fram undir stjórn leikskólastjórans, verkefnastjóra eða matshóps. Í okkar tilfell þá stýrði leikskólastjóri matsferlinu.



Samhent vinna við að bera kennsl á styrkleika og veikleika leikskólans hjálpar öllum aðilum við að móta skýra mynd af vinnunni, bæði með tilliti til núverandi stöðu og framtíðarstefnu. Sjálfsmatið getur þannig eflt og styrkt samvinnu og þróað leið til að virkja alla viðkomandi í starfi til umbóta í öllu leikskólastarfinu.

Með aðferðinni er leikskólastarfinu skipt upp í sjö lykilþætti sem ná yfir alla þætti starfseminnar.

Lykilþættirnir eru:

Námskrá

Þroski og framfarir barnanna

Nám í gegnum leikinn

Stuðningur við börn og fjölskyldur

Vinnusiðfræði leikskólans

Námsumhverfi leikskólans

Stjórnun

Hverjum lykilþætti er síðan skipt upp í nokkur meginatriði sem nefndir eru árangursvísar, en þeir eru:

Árangursvísir 1.1 – Uppbygging námskrár

Árangursvísir 1.2 – Gæði áætlana

Árangursvísir 1.3 – Gæði dagskipulags

Árangursvísir 2.1 – Framfarir barnanna í þroska og námi

Árangursvísir 3.1 – Gæði náms í gegnum leikinn

Árangursvísir 3.2 – Samskipti barna og starfsfólks

Árangursvísir 3.3 – Að mæta þörfum barnanna

Árangursvísir 3.4 – Mat og gagnasöfnun

Árangursvísir 4.1 – Samræmt uppeldisstarf

Árangursvísir 4.2 – Samræmi uppeldis og menntunar

Árangursvísir 4.3 – Stuðningur í uppeldi og námi

Árangursvísir 4.4 – Stuðningur við börn með sérþarfir



Árangursvísir 5.1 – Starfsandi

Árangursvísir 5.2 – Jafnrétti og réttýni

Árangursvísir 5.3 – Samvinna við foreldra

Árangursvísir 5.4 – Tengsl við aðra leikskóla, grunnskóla og aðrar stofnanir

Árangursvísir 5.5 – Samvinna starfsfólks

Árangursvísir 6.1 – Húsnæði og almennur aðbúnaður

Árangursvísir 6.2 – Framboð námsgagna

Árangursvísir 6.3 – Ráðning og hæfni starfsfólks

Árangursvísir 6.4 – Starfspróun og endurmat

Árangursvísir 7.1 – Sjálfsmat

Árangursvísir 7.2 – Markmið og stefnumörkun

Árangursvísir 7.3 – Áætlun til aukins árangurs

Árangursvísir 7.4 - Stjórnandinn

Árangursvísir 7.5 – Virkni starfsfólks

Í matsvinnunni er hverjum árangursvísi gefin einkunn á skalanum 1-6 og er notaður eftirfarandi einkunnaskali:

6	Framúrskarandi	Framúrskarandi eða leiðandi á sínu sviði
5	Mjög gott	Afar sterkur þáttur
4	Gott	Mikilvæg atriði yfirleitt sterk en ákveðin atriði gætu orðið betri
3	Nægilegt	Sterk atriði rétt ná að vega meira en slök
2	Slakt	Mikilvæg atriði slök
1	Ófullnægjandi	Afar slakur þáttur

3.2 Sjálfsmatsáætlun 2012 – 2016

Lykilþáttur 1 - Námskrá - - - - - haustönn 2012

Lykilþáttur 5 - Vinnusiðfræði leikskólans - - - - - vorönn 2013

Lykilþáttur 7 - Stjórnun - - - - - haustönn 2013

Lykilþáttur 2 - Þroski og framfarir barnanna - - - - - vorönn 2013

Lykilþáttur 4 - Stuðningur við börn og fjölskyldur - - - - - vorönn 2014

Lykilþáttur 3 - Nám í gegnum leik - - - - - haustönn 2015



Lykilþáttur 6 - Námsumhverfi leikskólans - - - - - vorönn 2016

3.3 Sjálfsmatsteymi

Leikskólastjóri sér um alla skipulagningu gagnvart sjálfsmatinu. Umræður hafa þó verið um að skipa sjálfsmatsteymi en af því hefur ekki orðið. Við teljum það yrði áhrifaríkara ef slíkt teymi væri starfandi og væri þá hlutverk þess að undirbúa og halda utan um starfsdaga þar sem sjálfsmatið fer fram. Þróa spurningalista sem lagðir eru fyrir foreldra og þróa áfram lykilþætti sem taka yfir einstaka þætti í starfi leikskólans. Vinna sjálfsmatsskýrslu í lok hvers skólaárs. Við stefnum á að skipa sjálfsmatsteymi á haustönninni 2012.

4 Sjálfsmat og lykilþættir 2011-2012

4.1 Framkvæmd Sjálfsmatsins

Samkvæmt matsáætluninni voru teknir fyrir lykilþættir 3 og 6. Unnið var sameiginlega með þessa lykilþætti á starfsdegi í febrúar. Í matsvinnunni er hverjum árangursvísi gefin einkunn á skalanum 1-6. Unnið er út frá texta sem gæfi einkunnina 6 sem er hæsta skor. Sá texti er klipptur niður í málsgreinar sem breytt er í spurningaform til að auðvelda umræðuna. Hver málsgrein er svo metin og fundin meðaltalsteinkunn á hvern árangursvísi. Ekki er gefin einkunn fyrir lykilþáttinn í heild.

Við ákvæðum að skipta okkur ekki upp í hópa í ár heldur vera allar saman. Þetta gaf góða raun og var mikil umræða og hlutunum velt vel fyrir sér og fundið leiðir til úrbóta. Þannig gafst öllum tækifæri til að koma með athugasemdir hvað varðar einkunnagjöf og úrbætur.

Þessa leið höfum við valið frekar en að skipta niður eftir starfsstöðvum vegna þess að það koma upp meiri og betri umræður og víðara sjónarhorn. Þó að við séum á þremur starfsstöðvum er stefna okkar að starfsemin á öllum starfsstöðvunum sé sem líkust. Stundum er þó óhjákvæmilegt að matið skiptist niður á þrjár starfsstöðvar og er þá getið sérstaklega um það.



4.2 Lykilþáttur 3 – Nám í gegnum leikinn

Árangursvísir 3.1 – Gæði náms í gegn um leikinn

Vegin einkunn - 5

Sterku hliðarnar okkar:

Börnin hafa valmöguleika.

Fá góðan tíma í leik

Allir kassar með leikföngum eru merktir.

Veiku hliðarnar okkar:

Föndur efniviður er ekki aðgengilegur börnunum vegna breiðs aldursbils milli barna.

Duglegri að hrósa börnunum nákvæmar.

Leiðir til umbóta:

Leifa eldri börnunum af fá föndur efnivið 1-2 í mánuði þar sem þau geta unnið frjálst.

Innleiða SMT sem fyrst til að ná rétttri tækni við að hrósa.

Nægur tími til leikja og öllum líði vel.

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

Nægur tími til leikja og að öllum líði vel.

Árangursvísir 3.2 – Samskipti barna og starfsfólks

Vegin einkunn – 3

Sterku hliðarnar okkar:

Börnin fá efnivið við sitt hæfi.

Veiku hliðarnar okkar:

Starfsfólk tekur ekki nægan þátt til að þróa leikinn enn meira.

Mættum vanda okkur betur í samræðum við börnin.

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

Bera virðingu fyrir hvort öðru.

Að barnið fái verknefni við sitt hæfi.



Leiðir til umbóta:

Vanda okkur meira í samræðum við börnin

Vera virkari í leik með börnunum.

Árangursvísir 3.3 – Að mæta þörfum barnanna

Vegin einkunn – 5

Sterku hliðarnar okkar:

Höfum ráðrúm fyrir sveigjanleika varðandi þroska barna.

Veiku hliðarnar okkar:

Mættum flétta áhugasvið barnanna betur inn í starfið

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

Einstaklingsmiðað nám

Leiðir til umbóta:

Að hafa áhugasviðskönnun

Nota niðurstöður þroskamats barns til upplýsingar fyrir alla starfsmenn, svo allir séu samtaka í örvun barnsins.

Árangursvísir 3.4– Mat og gagnasöfnun

Vegin einkunn - 4

Sterku hliðarnar okkar:

Vinum úr niðurstöðum þroskaprófa

Veiku hliðarnar okkar:

Vantar betra upplýsingaferli milli starfsmanna

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

Niðurstöður notaðar á markvissan hátt

Ýmis þroskapróf

Ýmsar kannanair

Leiðir til umbóta:

Foreldrakönnun á vorönn eða í byrjun haustanna

Búa til kerfi þar sem tryggt er að allir fái réttar upplýsingar



4.3 Lykilþáttur 6 – Námsumhverfi leikskólans

Árangursvísir 6.1 – Húsnæði og almennur aðbúnaður

Tröllaborg í Fljótum

Vegin einkunn - 4

Sterku hliðarnar okkar:

Gott húsnæði

Góð aðstaða fyrir börn

Veiku hliðarnar okkar:

Ástand lóðar

Aðkoma að leikskólanum

Hljóðmengun innanhúss

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

Hljóðmengun

Að öryggi barna sé tryggt

Leiðir til umbóta:

Setja hljóðdempun og dúka á borð.

Hljóðdempandi plötur á veggum eða loft.

Lagfæra lóð og aðgengi.

Tröllaborg á Hofsósi

Vegin einkunn - 3

Sterku hliðarnar okkar:

Heimilislegt húsnæði

Veiku hliðarnar okkar:

Hávaðamengun

Þrengsli

Aðbúnaður fyrir starfsfólk

Rafmagn í ólestri

Aðgengi að leikskóla



Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

Hljóðmengun

Leiðir til umbóta:

Hljóðeinangra

Byggja nýtt húsnæði/fá annað hentugra húsnæði

Tröllaborg á Hólum

Vegin einkunn - 4

Sterku hliðarnar okkar:

Gott húsnæði

Góð aðstaða fyrir starfsfólk

Góð aðstaða fyrir börn

Matsalur ekki inni á deild leikskólans

Veiku hliðarnar okkar:

Ástand lóðar

Aðkoma að leikskólanum

Hljóðmengun innanhúss

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

Hljóðmengun

Að öryggi barna sé tryggt

Leiðir til umbóta:

setja hljóðdempun og dúka í matsal

Hljóðdempandi plötur á veggj eða loft leikskólans

Lagfæra lóð og aðgengi.

Árangurvísir 6.2 – Framboð námsgagna

Vegin einkunn - 3

Sterku hliðarnar okkar:

gott úrval námsgagna

fjárveitingar eru vel nýttar til námsgagnakaupa



gott skipulag á námsgögnum og aðgengi

Veiku hliðarnar okkar:

Ekki nægur tími til að kynna sér námsgögn sem til eru

Ekki leitað eftir hugmyndum frá foreldrum og börnum við kaup námsgagna

Starfmannahópurinn ræðir ekki nógu mikið um þau námsgögn sem til eru.

Ekki til leiðbeiningar handbók um nýtingu námsefnis.

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

Úrval og aðgengi að námsgögnum

Þekking starfsfólks á námsgögnum

Leiðir til umbóta:

Leggja drög að handbók

Skipuleggja tíma í byrjun skólaárs fyrir hvern og einn til að skoða námsgögn

6.3 – Ráðning og hæfni starfsfólks

Vegin einkunn - 5

Sterku hliðarnar okkar:

Vel staðið að ráðningu starfsmanna

Þekking starfsmanns fær að njóta sín sem hann deilir meðal starfsmanna

Veiku hliðarnar okkar:

Starfsmannahandbók

Aðlögunartími starfsmanna

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

Ráðningarferlið

Að starfsmenn fái að njóta sín

Aðlögun starfsmanna

Leiðir til umbóta:

Uppfæra starfsmannahandbók

Búa til ferli um aðlögun starfsmanna



6.4 – Starfspróun og endurmat

Vegin einkunn - 4

Sterku hliðarnar okkar:

Möguleikar starfsfólks á þróun í starfi

Veiku hliðarnar okkar:

Vantar fastmótaða stefnu um námskeiðshald frá sveitarfélaginu

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

Möguleikar á starfspróun

Hvatning frá vinnuveitanda um þróun í starfi

Leiðir til umbóta:

Koma á framfæri óskum um að sveitarfélagið setji upp lista með námskeiðum.

5 Áætlun um aðgerðir

Við gerðum með okkur áætlun sem fer í gagnid á haustönn 2012. Stefnt er að því að þeir hlutir sem við getum lagfært verði komnir til framkvæmda í síðasta lagi áður en skóla lýkur vorið 2012.

Gæði náms í gegn um leikinn

Finna tíma fyrir „frjálsan föndurtíma“ fyrir eldri börnin

Innleiða SMT til að ná réttri tækni við að hrósa

Samskipti barna og starfsfólks

Æfa okkur í samræðum við börnin

Vera virkari í leik barnanna

Að mæta þörfum barnanna

Áhugasviðskönnun

Yfirfæra áhugasvið barnann inn í starf leikskólans



Upplýsa starfsmenn um niðurstöður þroskamats

Mat og gagnasöfnun

Gera foreldrakönnun

Búa til kerfi varðandi upplýsingaflæði til starfsmanna

Húsnæði og almennur aðbúnaður – Tröllaborg í Fljótum

Setja hljóðdempandi dúka á borð

Setja hljóðdempandi plötur á vegg og loft

Lagfæra lóð og aðgengi

Húsnæði og almennur aðbúnaður – Tröllaborg á Hofsósi

Setja hljóðdempandi dúka á borð

Setja hljóðdempandi plötur á vegg og loft

Rafmagn í ólestri

Þrengsli í forstofu

Vantar allan aðbúnað fyrir starfsfólk

Aðgengi að leikskóla – bílastæði

Húsnæði og almennur aðbúnaður – Tröllaborg á Hólum

Setja hljóðdempandi dúka á borð

Setja hljóðdempandi plötur á vegg og loft

Lagfæra lóð og aðgengi

Framboð námsgagna

Leggja drög að handbók

Skipuleggja tíma fyrir starfsfólk til að kynna sér námsefni

Ráðning og hæfni starfsfólks

Uppfæra starfsmannahandbók

Búa til ferli um aðlögun starfsmanna

Starfsþróun og endurmat

Óska eftir stefnu sveitarfélagsins varðandi fræðslumál starfsmanna



Eftirfylgni

Á fyrsta starfsmannafundi á haustönn 2012 listum við upp þróunaráætlunina og veljum okkur þau atriði sem við ætlum að hafa í forgang. Í byrjun hvers deildarfundar förum við yfir hvað hafi tekist að lagfæra og merkjum við og veljum okkur hvað við ætlum að vera búnar að lagfæra fyrir næsta deildarfund. Sum atriðin í þróunaráætluninni eru samt ekki eitthvað sem við getum lagfært t.d. það sem viðkemur viðhaldi og þess háttar en það sem við getum gert í því sambandi er að íta eftir að viðhaldsdeildin fái fjármagn í þessa liði.



Fylgiskjöl 1

**Lykilpáttur 3
og
þróunaráætlun**



Lykilþáttur 3 Nám í gegnum leikinn

Árangursvísir 3.1. Gæði náms í gegnum leikinn

Dæmi um mikilvæga þætti sem huga þarf að við matið:

3.1.	Gæði náms í gegnum leikinn	1	2	3	4	5	6
A	Leikumhverfið er hvetjandi og krefjandi og veitir viðeigandi tækifæri til náms og þroska í gegnum leikinn.					5	
B	Börnin eiga möguleika á vali.					5	
C	Gott jafnvægi er milli frjálsra leikja og athafna sem stjórnað er af fullorðnum.					5	
D	Börnin eru hvött til að taka þátt í öllu því sem leikskólustarfið hefur upp á að bjóða.					5	
E	Hrós er notað skynsamlega.				4		
F	Börnin taka þátt í leiknum af áhuga og nýta alla leikmöguleika sem í boði eru.					5	

Í okkar skóla/í okkar hópi álitum við að einnig sé mikilvægt varðandi gæði í þessu sambandi, að:

G	Gefa nægilegan tíma í leik						6
H	Vera með þeim í leik/örva leikinn				4		

Matssamantekt:

Sterku hliðarnar okkar:

- Börnin hafa valmöguleika.
- Fá góðann tíma í leik
- Allir kassar með leikföngum í eru merktir.

Veiku hliðarnar okkar:

- Föndur efniviður er ekki aðgengilegur börnunum vegna breiðs aldursbils milli barna.
- Duglegri að hrósa börnunum nákvæmar.

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Nægur tími til leikja og líði vel.

Með tilliti til þess hvað okkur þykir mikilvægt hér að ofan erum við sammála um heildareinkunn fyrir þennan þátt:					5	
---	--	--	--	--	---	--

Tillögur um aðgerðir:

- Leifa eldri börnunum af fá föndur efnivið 1-2 í mánuði þar sem þau geta unnið frjálst.
- Innleiða SMT sem fyrst til að ná réttri tækni við að hrósa.



Þróunaráætlun

2011-2012

Lykilþáttur 3

Árangursvísir 3.1

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
<p>Finna tíma fyrir „frjálsan föndur tíma“ fyrir eldri börnin.</p> <p>Innleiða SMT til að ná réttri tækni við að hrósa.</p>	<p>Deildarstjóri</p> <p>SMT teymi</p>	<p>Í lok febrúar</p> <p>Fyrsta innleiðing: 1 mars</p>	<p>Eiga nóg af fjölbreyttum verðlausum efnivið.</p> <p>SMT teymið þarf að vera búið að ljúka undirbúningsvinnu.</p>	<p>Listasýning að vori</p> <p>Formlegt mat hjá verkefnisstjóra SMT teymisins.</p>



Lykilþáttur 3 Nám í gegnum leikinn

Árangursvísir 3.2. Samskipti barna og starfsfólks

Dæmi um mikilvæga þætti sem huga þarf að við matið:

3.2.	Samskipti barna og starfsfólks	1	2	3	4	5	6
A	Starfsfólk er vel að sér um mismundi þroskaskeið barnanna.				4		
B	Samtöl starfsfólks við börnin byggja upp sjálfstraust og eru hvetjandi.			3			
C	Spurningar eru faglegar, hlustað er á svör barnanna og þau notuð á gagnlegan hátt.			3			
D	Mat starfsfólks á hvenær beri að hafa afskipti af leik barnanna er mjög vel ígrundað og þau afskipti auka á fjölbreytni leiksins.			3			

Í okkar skóla/í okkar hópi álitum við að einnig sé mikilvægt varðandi gæði í þessu sambandi, að:

E	Að starfsfólk taki virkann þátt í leik barnanna			3			
F	Bera virðingu hvert fyrir öðru				4		

Matssamantekt:

Sterku hliðarnar okkar:

- Börnin fá efnivið við sitt hæfi.
-

Veiku hliðarnar okkar:

- Starfsfólk tekur ekki nægan þátt til að þróa leikinn enn meira.
- Mættum vanda okkur betur í samræðum við börnin.

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Bera virðingu fyrir hvort öðru.
- Að barnið fái verknefni við sitt hæfi.

Með tilliti til þess hvað okkur þykir mikilvægt hér að ofan erum við sammála um heildareinkunn fyrir þennan þátt:			3			
---	--	--	---	--	--	--

Tillögur um aðgerðir:

- Vanda okkur meira í samræðum við börnin
- Vera virkari í leik með börnunum.



Þróunaráætlun 2011-2012

Lykilþáttur 3

Árangursvísir 3.2

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
<p>Æfa okkur í samræðum við börnin</p> <p>Vera virkari í leik barnanna</p>	<p>Allir</p> <p>allir</p>	<p>Aldrei</p> <p>aldrei</p>	<p>Meðvitað hugarfar starfsmanna.</p> <p>Að finna barnið í sjálfum sér.</p>	<p>Næsta sjálfsmat</p> <p>Næsta sjálfsmat</p>



Lykilþáttur 3 Nám í gegnum leikinn

Árangursvísir 3.3. Að mæta þörfum barnanna

Dæmi um mikilvæga þætti sem huga þarf að við matið:

3.3.	Að mæta þörfum barnanna	1	2	3	4	5	6
A	Námsleiðir, s.s. valkerfi og/eða hópastarf henta vel þörfum hvers og eins barns.					5	
B	Uppeldi og menntun fléttast vel saman til að mæta þörfum barnanna.					5	
C	Framvinda námsins er sniðin að þörfum hvers barns svo það hafi alla möguleika til að öðlast góðan árangur unnan allra þroskaþátta og námssviða.					5	
D	Námsaðferðir leikskólans eru vel ígrundaðar og krefjandi og taka fullt tillit til reynslu og áhugasviðs hvers barns.				4		

Í okkar skóla/í okkar hópi álítum við að einnig sé mikilvægt varðandi gæði í þessu sambandi, að:

E	Sveigjanleika í garð barnanna/einstaklingsmiðað nám					4	
F							

Matssamantekt:

Sterku hliðarnar okkar:

- Höfum ráðrúm fyrir sveigjanleika varðandi þroska barna.
-

Veiku hliðarnar okkar:

- Mættum flétta áhugasvið barnanna betur inn í starfið

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Einstaklingsmiðað nám

Með tilliti til þess hvað okkur þykir mikilvægt hér að ofan erum við sammála um heildareinkunn fyrir þennan þátt:						5	
---	--	--	--	--	--	---	--

Tillögur um aðgerðir:

- Að hafa áhugasviðskönnun
- Nota niðurstöður þroskamats barns til upplýsingar fyrir alla starfsmenn, svo allir séu samtaka í örvun barnsins.



Þróunaráætlun

2011-2012

Lykilþáttur 3

Árangursvísir 3.3

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
<p>Áhugasviðskönnun</p> <p>Yfirfæra áhugasvið inn í starf leikskólans</p> <p>Upplýsa starfsmenn um niðurstöður þroskamats</p>	<p>Hver hópstjóri</p> <p>Deildarstjóri og aðrir starfsmenn</p> <p>hópstjórar</p>	<p>Haustönn 2012</p> <p>1 nóv. 2012</p> <p>1 mars 2012</p>	<p>Eyðublöð</p> <p>Niðurstöður úr könnuninni</p> <p>Fylla út þroskamatslista á haust- og vorönn</p>	<p>Samantekt úr könnun</p> <p>Næsta sjálfsmat</p> <p>Á deildarfundum</p>



Lykilþáttur 3 Nám í gegnum leikinn

Árangursvísir 3.4. Mat og gagnasöfnun

Dæmi um mikilvæga þætti sem huga þarf að við matið:

3.4.	Mat og gagnasöfnun	1	2	3	4	5	6
A	Starfsfólk vinnur skipulega að mati á öllum þroskaþáttum og menntun barnsins.					X	
B	Starfsfólk leitar upplýsinga frá foreldrum, nýtir sér þær sem og upplýsingar frá stuðningsaðilum þar sem það á við.				X		
C	Markviss leið er notuð til söfnunar og samantekta matsupplýsinga.					X	
D	Matsupplýsingum er safnað saman og þær vistaðar eftir ákveðnu skipulagi.				X		
E	Upplýsingarnar eru nýttar til að semja umsagnir um þroska og menntun barnanna, ...					X	
E	...sem eru undirstaða umræðna með foreldrum og öðrum sem hafa fagleg afskipti af þroska barnanna.					X	

Í okkar skóla/í okkar hópi áljúttum við að einnig sé mikilvægt varðandi gæði í þessu sambandi, að:

F	Miðla niðurstöðum til starfsmanna				X		
G	Fleiri formlegar kannanir		X				

Matssamantekt:

Sterku hliðarnar okkar:

- Vinnum úr niðurstöðum þroskaþrófa

Veiku hliðarnar okkar:

- Vantar betra upplýsingaferli milli starfsmanna

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Niðurstöður notaðar á markvissan hátt

Með tilliti til þess hvað okkur þykir mikilvægt hér að ofan erum við sammála um heildareinkunn fyrir þennan þátt:				X		
---	--	--	--	---	--	--

Tillögur um aðgerðir:

- Foreldrakönnun á vorönnuða í byrjun haustannar – Búa til kerfi þar sem tryggt er að allir fái réttar upplýsingar



Þróunaráætlun

2011-2012

Lykilþáttur 3

Árangursvísir 3.4

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Gera foreldrakönnun	Leikskólastjóri og deildarstjórar	Fyrir 1. nóvember 2012	Búa til spurningalista og láta setja upp forrit í tölvunni á Hofsósi	Taka saman niðurstöður úr könnunninni



Fylgiskjöl 2

Lykilpáttur 6

og

þróunaráætlun



Lykilþáttur 6 Námsumhverfi leikskólans

Árangursvísir 6.1. Húsnæði og almennur aðbúnaður

BANGSABÆR

Dæmi um mikilvæga þætti sem huga þarf að við matið:

6.1.	Húsnæði og almennur aðbúnaður	1	2	3	4	5	6
A	Húsnæði er öruggt, hreinlegt, þægilegt og skapar hvetjandi umhverfi fyrir börnin.					5	
B	Húsnæði er í góðu ástandi hvað varðar viðhald og er aðlaðandi.			3			
C	Aðgengi að húsnæðinu er viðeigandi fyrir þarfir allra sem það nota.			3			
D	Viðeigandi aðstæður eru fyrir hendi til að tryggja öryggi barnanna jafnt innna sem utan leikskólans.				4		
E	Til eru svæði þar sem börnin geta leikið í litlum hópum sem stórum.					5	
F	Rými, þar með talið leiksvæði utanhúss, er vel nýtt og veitir áhugaverða möguleika fyrir leik.					5	
G	Útivistin er vel skipulögð.					5	
H	Sýningar eru settar upp á áhugaverðan hátt til að vekja áhuga barna og foreldra og til að gera starfið í leikskólanum sýnilegt.					5	

Í okkar skóla/í okkar hópi álitum við að einnig sé mikilvægt varðandi gæði í þessu sambandi, að:

I	Hljóðdempun er mikilvæg			3			
J	Inngangur og fataherbergi sé rúmgott				4		

Matssamantekt:

Sterku hliðarnar okkar:

- Gott húsnæði
- Góð aðstaða fyrir börn

Veiku hliðarnar okkar:

- Ástand lóðar
- Aðkoma að leikskólanum
- Hljóðmengun innanhúss

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Hljóðmengun
- að öryggi barna sé tryggt



Með tilliti til þess hvað okkur þykir mikilvægt hér að ofan erum við sammála um heildareinkunn fyrir þennan þátt:				4	
---	--	--	--	---	--

Tillögur um aðgerðir:

- setja hljóðdempun og dúka á borð.
- hljóðdempandi plötur á vegg og loft.
- Lagfæra lóð og aðgengi.

Þróunaráætlun

2011-2012

Lykilþáttur 6Árangursvísir 6.1**Bangsabær**

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Setja hljóðdempandi dúka á borð.	Leikskólastjóri	Haust 2013	Fjármagn	Næsta sjálfsmat
Hljóðdempandi plötur á vegg og loft.	Leikskólastjóri og eignasjóður	Haust 2013	Fjármagn	Næsta sjálfsmat
Lagfæra lóð og aðgengi.	Leikskólastjóri og eignasjóður	Haust 2013	fjármagn	Næsta sjálfsmat



Lykilþáttur 6 Námsumhverfi leikskólans

Árangursvísir 6.1. Húsnæði og almennur aðbúnaður

BARNABORG

Dæmi um mikilvæga þætti sem huga þarf að við matið:

6.1.	Húsnæði og almennur aðbúnaður	1	2	3	4	5	6
A	Húsnæði er öruggt, hreinlegt, þægilegt og skapar hvetjandi umhverfi fyrir börnin.			3			
B	Húsnæði er í góðu ástandi hvað varðar viðhald og er aðlaðandi.		2				
C	Aðgengi að húsnæðinu er viðeigandi fyrir þarfir allra sem það nota.		2				
D	Viðeigandi aðstæður eru fyrir hendi til að tryggja öryggi barnanna jafnt inna sem utan leikskólans.			3			
E	Til eru svæði þar sem börnin geta leikið í litlum hópum sem stórum.				4		
F	Rými, þar með talið leiksvæði utanhúss, er vel nýtt og veitir áhugaverða möguleika fyrir leik.				4		
G	Útivistin er vel skipulögð.				4		
H	Sýningar eru settar upp á áhugaverðan hátt til að vekja áhuga barna og foreldra og til að gera starfið í leikskólanum sýnilegt.					5	

Í okkar skóla/í okkar hópi álitum við að einnig sé mikilvægt varðandi gæði í þessu sambandi, að:

I	Hljóðdempun er mikilvæg	1					
J	Inngangur og fataherbergi sé rúmgott	1					

Matssamantekt:

Sterku hliðarnar okkar:

- Heimilislegt húsnæði

Veiku hliðarnar okkar:

- Hávaðamengun
- Þrengsli
- Aðbúnaður fyrir starfsfólk
- Rafmagn í ólestri
- Aðgengi að leikskóla

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- hljóðmengun



Með tilliti til þess hvað okkur þykir mikilvægt hér að ofan erum við sammála um heildareinkunn fyrir þennan þátt:			3		
---	--	--	---	--	--

Tillögur um aðgerðir:

- Hljóðeinangra
- Byggja nýtt húsnæði/fá annað hentugra húsnæði

Þróunaráætlun

2011-2012

Lykilþáttur 6Árangursvísir 6.1

Barnaborg

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Hljóðeinangra, setja dúka á borð	leikskólastjóri	Haust 2013	fjármagn	Næsta sjálfsmat
Hljóðeinangrandi á vegg og loft. Rafmagn í ólestri þrengsli í forstofu Aðbúnaður fyrir starfsfólk Aðgengi að leikskóla, bílastæði.	Leikskólastjóri og eignasjóður	Haust 2013	fjármagn	Næsta sjálfsmat



Lykilþáttur 6 Námsumhverfi leikskólans

Árangursvísir 6.1. Húsnæði og almennur aðbúnaður

Brúsabær

Dæmi um mikilvæga þætti sem huga þarf að við matið:

6.1.	Húsnæði og almennur aðbúnaður	1	2	3	4	5	6
A	Húsnæði er öruggt, hreinlegt, þægilegt og skapar hvetjandi umhverfi fyrir börnin.					5	
B	Húsnæði er í góðu ástandi hvað varðar viðhald og er aðlaðandi.				4		
C	Aðgengi að húsnæðinu er viðeigandi fyrir þarfir allra sem það nota.			3			
D	Viðeigandi aðstæður eru fyrir hendi til að tryggja öryggi barnanna jafnt innna sem utan leikskólans.			3			
E	Til eru svæði þar sem börnin geta leikið í litlum hópum sem stórum.					5	
F	Rými, þar með talið leiksvæði utanhúss, er vel nýtt og veitir áhugaverða möguleika fyrir leik.					5	
G	Útivistin er vel skipulögð.					5	
H	Sýningar eru settar upp á áhugaverðan hátt til að vekja áhuga barna og foreldra og til að gera starfið í leikskólanum sýnilegt.					5	

Í okkar skóla/í okkar hópi álitum við að einnig sé mikilvægt varðandi gæði í þessu sambandi, að:

I	Hljóðdempun er mikilvæg	1					
J	Inngangur og fataherbergi sé rúmgott			3			

Matssamantekt:

Sterku hliðarnar okkar:

- Gott húsnæði
- Góð aðstaða fyrir starfsfólk
- Góð aðstaða fyrir börn
- Matsalur ekki inni á deild leikskólans

Veiku hliðarnar okkar:

- Ástand lóðar
- Aðkoma að leikskólanum
- Hljóðmengun innanhúss

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Hljóðmengun
- að öryggi barna sé tryggt



Með tilliti til þess hvað okkur þykir mikilvægt hér að ofan erum við sammála um heildareinkunn fyrir þennan þátt:				4	
---	--	--	--	---	--

Tillögur um aðgerðir:

- setja hljóðdempun og dúka í matsal
- hljóðdempandi plötur á veggum eða loft í leiksk.
- Lagfæra lóð og aðgengi.

Þróunaráætlun

2011-2012

Lykilþáttur 6Árangursvísir 6.1

Brúsabær

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Setja hljóðdempandi dúka á borð í matsal	Leikskólastjóri	Haust 2013	Fjármagn	Næsta sjálfsmat
Hljóðdempandi plötur á veggum og loft í leikskóla og matsal	Leikskólastjóri og eignasjóður	Haust 2013	Fjármagn	Næsta sjálfsmat
Lagfæra lóð og aðgengi	Leikskólastjóri og eignasjóður	Haust 2013	fjármagn	Næsta sjálfsmat



Lykilþáttur 6 Námsumhverfi leikskólans

Árangursvísir 6.2. Framboð námsgagna

Dæmi um mikilvæga þætti sem huga þarf að við matið:

6.2.	Framboð námsgagna	1	2	3	4	5	6
A	Fjárveiting til leikskólans er vel nýtt til stuðnings við uppeldis- og menntastarfið í leikskólanum.					5	
B	Starfsfólk tekur virkan þátt í að meta reglulega úrval námsgagn í leikskólanum og koma með hugmyndir að nýjum.			3			
C	Aflað er hugmynda frá foreldrum og börnum við kaup á námsgögnum.		2				
D	Fjölbreytt úrval námsgagna er til staðar. Námsgögn eru í góðu ástandi og veita viðeigandi og gagnlegan stuðning við vinnuna í leikskólanum.				4		
E	Námsgögn henta vel þörfum og áhugasviði barnanna.					5	
F	Staðsetning námsgagna er vel skipulögð og aðgengileg starfsfólki og þar sem við á börnum og foreldrum.					5	
G	Sameiginleg nýting námsgagna er árangursrík, vel skipulögð og undir eftirliti.				4		

Í okkar skóla/í okkar hópi álitum við að einnig sé mikilvægt varðandi gæði í þessu sambandi, að:

H	Starfsfólki sé gefinn tími til að skoða námsgögn sem til eru				3		
I	Að til sé handbók með hugmyndum að nýtingu námsgagna	1					

Matssamantekt:

Sterku hliðarnar okkar:

- gott úrval námsgagna
- fjárveitingar eru vel nýttar til námsgagnakaupa
- gott skipulag á námsgögnum og aðgengi

Veiku hliðarnar okkar:

- Ekki nægur tími til að kynna sér námsgögn sem til eru
- Ekki leitað eftir hugmyndum frá foreldrum og börnum við kaup námsgagna
- Starfmannahópurinn ræðir ekki nógu mikið um þau námsgögn sem til eru.
- Ekki til leiðbeiningar handbók um nýtingu námsefnis.

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Úrval og aðgengi að námsgögnum
- Þekking starfsfólks á námsgögnum



Með tilliti til þess hvað okkur þykir mikilvægt hér að ofan erum við sammála um heildareinkunn fyrir þennan þátt:			3		
---	--	--	---	--	--

Tillögur um aðgerðir:

- Leggja drög að handbók
- Skipuleggja tímaí byrjun skólaárs fyrir hvern og einn til að skoða námsgögn

Þróunaráætlun

2011-2012

Lykilþáttur 6Árangursvísir 6.2

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Leggja drög að handbók	Leikskóla-kennarar	mai 2013	Safna gögnum um hvernig hægt er að nýta námsgögnin betur	Útgáfa handbókar
Skipuleggja tíma fyrir starfsfólk til að kynna sér námsefni.	deildarstjórar	sept. 2012	skipulagningu	Næsta sjálfsmat



Lykilþáttur 6 Námsumhverfi leikskólans

Árangursvísir 6.3. Ráðning og hæfni starfsfólks

Dæmi um mikilvæga þætti sem huga þarf að við matið:

6.3.	Ráðning og hæfni starfsfólks	1	2	3	4	5	6
A	Viðeigandi ferli er notað við ráðningu starfsfólks og við að styðja það frá upphafi í starfi.					5	
B	Ferlið kemur í veg fyrir ráðningu óhæfs starfsfólks.					5	
C	Fjöldi starfsmanna er samkvæmt reglugerð og stuðningur við börn með sérþarfir er til staðar.					5	
D	Hver og einn starfsmaður fær að njóta hæfileika sinna á mismunandi sviðum, s.s. vegna reynslu og/eða sérfræðipækkingar sem máli skiptir fyrir leikskólann.					5	
E	Starfshópurinn dreifir kröftum sínum þannig að þekking nýtist vel.					5	

Í okkar skóla/í okkar hópi álitum við að einnig sé mikilvægt varðandi gæði í þessu sambandi, að:

F	Að starfsmaður fái góðann aðlögunartíma			3			
G	Að starfmannahandbók innihaldi nýjustu upplýsingar		2				

Matssamantekt:

Sterku hliðarnar okkar:

- Vel staðið að ráðningu starfsmanna
- Þekking starfsmanns fær að njóta sín og deilir meðal starfsmanna

Veiku hliðarnar okkar:

- Starfsmannahandbók
- Aðlögunartími starfsmanna

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Ráðningarferlið
- Að starfsmenn fái að njóta sín
- Aðlögun starfsmanna

Með tilliti til þess hvað okkur þykir mikilvægt hér að ofan erum við sammála um heildareinkunn fyrir þennan þátt:					5	
---	--	--	--	--	---	--

Tillögur um aðgerðir:

- Uppfæra starfsmannahandbók
- Búa til ferli um aðlögun starfsmanna



Þróunaráætlun

2011-2012

Lykilþáttur 6

Árangursvísir 6.3

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Uppfæra starfsmannahandbók Búa til ferli um aðlögun starfsmanna	Leikskólastjóri Leikskólastjóri og deildarstjórar	Fyrir haustönn 2012 Fyrir haustönn 2012		Næsta sjálfsmat Næsta sjálfsmat



Lykilþáttur 6 Námsumhverfi leikskólans

Árangursvísir 6.4. Starfsþróun og endurmat

Dæmi um mikilvæga þætti sem huga þarf að við matið:

6.4.	Starfsþróun og endurmat	1	2	3	4	5	6
A	Möguleikar eru innan leikskólans til að gefa starfsfólki tækifæri á að þróast í starfi.						6
B	Starfsfólk er vel upplýst um stefnu leikskólans/sveitarfélagsins og möguleika á fræðslu og menntun í starfi.				4		
C	Skipulag vegna starfsviðtala og funda til að meta starfið er til staðar og er í samræmi við stefnumótun sveitarfélagsins.				4		

Í okkar skóla/í okkar hópi álitum við að einnig sé mikilvægt varðandi gæði í þessu sambandi, að:

D	Fastmótuð stefna hjá sveitarfélaginu um hvaða námskeið eru í boði fyrir starfsfólk almennt		2				
E	starfsfólk fái hvatningu frá vinnuveitanda, til að sækja sér fræðslu tengda starfinu.				4		

Matssamantekt:

Sterku hliðarnar okkar:

- *Möguleikar starfsfólks á þróun í starfi*

Veiku hliðarnar okkar:

- *Vantar fastmótaða stefnu um námskeiðshald frá sveitarfélaginu*

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- *Möguleikar á starfsþróun*
- *Hvatning frá vinnuveitanda um þróun í starfi*

Með tilliti til þess hvað okkur þykir mikilvægt hér að ofan erum við sammála um heildareinkunn fyrir þennan þátt:				4		
---	--	--	--	---	--	--

Tillögur um aðgerðir:

- *Koma á framfæri óskum um að sveitarfélagið setji upp lista með námskeiðum.*



Þróunaráætlun

2011-2012

Lykilþáttur 6

Árangursvísir 6.4

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Óska eftir stefnu sveitarfélagsins varðandi fræðslumál starfsmanna	leikskólastjóri	Haustönn 2012	Sendu bréf eða fá fund	Næsta sjálfsmat